

# FÓKUS

## Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

### ÁRSSKÝRSLA 2012

#### Stjórn Fókus síðasta starfsár hefur verið þannig skipuð:

<i>Formaður</i>	Jóhanna Fjöla Jóhannesdóttir
<i>Ritari og varaformaður</i>	Guðjón Vilhjálmsson
<i>Meðstjórnendur</i>	Arna Harðardóttir
	Ásgerður Magnúsdóttir
	Bjarni Þór Björnsson
<i>Varamenn</i>	Elísabet Guðmundsdóttir
	Hjörtur Sturluson

Haldnir voru fimm stjórnarfundir á árinu. Stjórnin nýtti tölvupóstssamskipti í talsverðu mæli og komst þannig af með færri formlega fundi. Hluti stjórnar fundaði í sambandi við erlend samskipti og þá sat formaður aðalfund Ský í febrúar.

#### Félagsmenn

Félagsmenn eru 59 talsins. Kynjaskipting er enn nokkuð jöfn, nú eru 32 konur og 27 karlar í félaginu. Dreifing milli starfsgreina er svipuð og áður.

#### Fræðslufundir og ráðstefnur

Árleg heilbrigðisráðstefna á vegum Fókus og Ský var haldin þann 22. febrúar á Grand hóteli undir yfirskriftinni Heilbrigðisgögn – Hvað á að skrá, hvað má ég sjá. Á ráðstefnunni fluttu átta einstaklingar erindi. Guðrún Auður Harðardóttir, velferðarráðuneyti talaði um samtengingu sjúkraskráa, samræmingu og aðgengi að upplýsingum. Sigríður Haraldsdóttir, sviðsstjóri heilbrigðisupplýsinga hjá Embætti landlæknis sagði frá miðstöð heilbrigðisupplýsinga hjá Embætti landlæknis og nýjum verkefnum í tengslum við miðstöð sjúkraskrár. Undir yfirskriftinni Veistu hvað mig vantar? upplýstu Jórunn Sörensen og Magnea Steinunn Ingimundardóttir um hvaða heilbrigðisgögnum þær sem notendur heilbrigðisþjónustunnar vilja geta haft aðgang að, lesið og bætt við. Á réttan stað á styttri tíma var heiti erindis Jónínu Guðjónsdóttur, geislafræðings sem fjallaði um lausnir Röntgen Domus á móttöku rafrænna beiðna og sendingu svara í gegnum SÖGU. Jónína Sigurgeirsdóttir, gæðastjóri á Reykjalundi og Sonja Fríða Jónsdóttir, hugbúnaðarsérfræðingur hjá Advania greindu frá nýjungum í skráningu á Reykjalundi sem snúa að rauntímaskráningu á vettvangi. Að lokum flutti Berglind Magnúsdóttir forstöðumaður Heimaþjónustu Reykjavíkur erindi um notkun RAI-HC kerfis við mat á þjónustu í heimahjúkrun og hverju slíkt mælitæki getur skilað. Ráðstefnustjóri var Bjarni Þór Björnsson. Á ráðstefnuna mættu 95 manns.

Ekki reyndist unnt að hafa fræðsluerindi á vormánuðum. Stjórn Fókus tók ákvörðun um að flytja aðalfund fram um einn og hálfan mánuð þannig að framvegis verða þeir haldnir fyrripart októbermánaðar. Með þessari breytingu færast fræðslufundur sem verið hefur í september aftur fyrir aðalfund og verður í nóvember.

Að venju var fræðslufundur í tengslum við aðalfund og að þessu sinni flutti Hjörleifur Halldórsson fyrirlestur um lækningatæki.

#### Erlend samskipti

Í upphafi starfsársins tók Arna Harðardóttir meðstjórnandi í Fókus við umsjón með erlendum samskiptum sem frá stofnun félagsins hafði verið í höndum Valgerðar Gunnarsdóttur fyrrverandi formanns. Þessu starfi fylgir m.a. seta í fullrúaráði EFMI. Stjórn Fókus leitaði eftir fjárstuðningi til að Arna gæti setið fund fullrúaráðsins sem haldinn var í tengslum við EFMI ráðstefnuna í Pisa á Ítalíu í ágúst sl. Því miður tókst ekki að afla nægjanlegs fjármagns fyrir ferð þetta árið.

## Lokaorð

Þar sem ég geng nú úr stjórn Fókus langar mig að þakka stjórnarmeðlimum fyrir ánægjuleg kynni og skemmtilegt og gott samstarf. Einnig þakka ég öllum sem sóttu heilbrigðisráðstefnuna, fyrirlesurum sem hafa frætt okkur án endurgjalds á fundum svo og Arnheiði Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra Ský fyrir góða samvinnu.

Mikilvægt er að ráðstefnum og fræðslufundum Fókus verði viðhaldið því þær hafa skapað vettvang fyrir heilbrigðisstarfsmenn og tæknifólk til að koma saman og miðla mikilvægum upplýsingum um það er efst á baugi hverju sinni í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Akranesi 17.október 2012, Jóhanna F. Jóhannesdóttir, fráfarandi formaður Fókus